

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar



Efling, kraftur, áráði – Ábyrgðin er okkar

Skýrsla svæðisstjóra Grettissvæði

22.janúar 2011

Starfsárið 2010 - 2011 byrjaði mjög vel. Fyrsta embættisverk svæðisstjóra voru stjórnarskipi hjá Mosfelli þann 24. september sl. og tókst með ágætum.

Svæðisstjóri fór norður á Siglufjörð þann 8. október sl. og sá þar um stjórnarskipti hjá Skjaldarfélögum sem gengu mjög vel, á fundinum komu einnig félagar úr Mosfelli og Drangey. Á sama fundi tóku Skjaldarfélagar inn nýjan féлага sem var einn af stofnendum klúbbsins á sínum tíma en fluttist frá Siglufirði en er fluttur aftur á Siglufjörð.

Þann 22. október fór svæðisstjóri norður á Sauárkrók á stjórnarskiptafund þar sem undirritaður sá um stjórnarskipti, fundurinn var haldinn á Kaffi Krók og voru félagar Drangeyjar með eiginkonurnar með sér, fundurinn var góður og komu einnig nokkrir félagar úr Skyldi og úr Mosfelli á fundinn.

Þann 16. október sl. lést félagi okkar Þórhallur Daníelsson sem var félagi í Kiwanisklúbbnum Skyldi og er hans sárt saknað.

Starfið í Grettissvæði hefur gengið mjög vel sem af er starfsári sem er um það bil hálfnað. Starf klúbbanna hefur verið gott, mæting að meðaltali frá 60 – 65% sem er ágætt en mætti vera betri. Klúbbarnir hafa fengið til sín fyrirlesara og einnig rætt málefni klúbba.

Skjaldarfélagar hafa samanlagt unnið 76 klst. Sem af er ári aðstoðað við Bocciamót Snerpu, pakkað inn nammi jólasveina og haldið jólaball.

Mosfell hefur unnið 202 klst. við þökkun á nammi sem selt er fyrir jólin sem fjáröflun og gekk salan vel.

Fyrsti svæðisráðsfundurinn var haldinn 6. nóvember í Hlégarði Mosfellsbæ. Fundurinn var frekar fjölmennur 10 manns, þrátt fyrir að félagar úr Skyldi áttu ekki heimagengt sökum veðurs og færðar frá Siglufyrði. Skemmtilegar umræður voru á fundinum, rætt var meðal annars um heiti og skipulag svæða, fjölgun í Kiwanishreyfingunni ofl. ásamt því að fræðslunefnd var með erindi til forseta klúbba. Á fundinn mætti einnig umdæmisstjóri Óskar Guðjónsson og tók þátt í umræðum. Fundurinn var hinn fjörugasti og voru menn ánægðir að honum loknum.

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar



Efling, kraftur, áráði – Ábyrgðin er okkar

Á þessu ári er starf klúbbanna hafið að nýju eftir jólafrí. Framundan í Grettissvæði er svæðisráðsfundur 26. febrúar á Sauðárkróki og um kvöldið verður þorralót Drangeyjarfélaga. Síðasti fundur sem haldinn verður í Grettissvæði verður 30. apríl á Siglufirði um kvöldið verður hið árlega síldarkvöld Skjaldarmanna.

Skjaldarmenn eiga stórafmæli á þessu ári og mun hann halda upp á 40 ára afmli sitt sem tilkynnt verður fljótlega.

Margt fleira hefur gerst í starfi klúbbanna sem gengur vel. Þessi skýrsla er stutt lýsing á því góða starfi sem fram fer í Grettissvæði.

Með Kiwaniskveðjum
Erlendur Örn Fjeldsted
Svæðisstjóri Grettissvæðis

